

Brim hf.  
Norðurgarði 1  
101 Reykjavík

Egilsstaðir, 2.7.2024  
UST202401-225/F.Æ.  
08.10.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 6. maí 2024 - Brim hf., Akranesi, ID 81**

Þann 6. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Brims hf. á Akranesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### **Tvö frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:**

1. Styrkur COD í frárennismælingum árin 2022 og 2023 var yfir leyfilegum mörkum. *Úrbótum er lokið og frávikinu því lokað.*
2. Styrkur svifefna í frárennismælingu árið 2022 var yfir leyfilegum mörkum.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktari úrbótaáætlun varðandi frávik nr. 2 hér að framan og eru verklok samkvæmt henni 30. september 2024.

### **Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:**

1. Skoða þarf forsendur, s.s. unnið magn, í útreikningum á magni COD og svifagna í frárennsli
2. Niðurstöðum frárennismælinga skal skila í réttum einingum
3. Niðurstöður lekaeftirlits á olútönkum skulu fylgja öðrum skráningum sem er skilað til eftirlitsaðila
4. Botnþykktarmæla þarf heygða olútanka í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 884/2017 um varnir um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi

### **Fimm frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi ársins 2023 sem átti að skila fyrir 1. maí 2024 hefur ekki verið skilað.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi ársins 2023 sem átti að skila fyrir 1. maí 2024 hefur ekki verið skilað.
3. Gr. 3.3 og gr. 3.2 í starfsleyfi. Niðurstöðum TVN-mælinga var ekki skilað fyrir 1. maí 2024. *Niðurstöðum hefur verið skilað og er frávikinu því lokað.*

4. 2. tl. 20. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Niðurgrafnar olíulagnir hafa ekki verið þrýstiprófaðar síðan árið 2015.
5. Gr. 2.24 í starfsleyfi. Saltpéturssýra og sódi eru geymd í sama rými nálægt opnu niðurfalli.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14. ágúst 2024.**

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson  
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur